



## Mosfellsheiði – hæsti punktur 410 metrar yfir sjávarmáli

Í nægum snjó má komast á Mosfellsheiði nær alls staðar að og aka um hana alla. Ef fólk lendir í lélegu skyggni þarf að varast Engidalsá að sunnanverðu en að norðanverðu ána Bugðu, sem rennur í Leirvogsvatn að austan, og læki þar nærri, (háir bakkar). Auk þess Illaklif suðaustan við Leirvogsvatn, Leivogsvatnið sjálft og þar vestar Geldingatjörn og Reykjavíkurgirðinguna sem liggur úr Grímansfelli og suður í Selfjall. Nokkrar tjarnir eru austarlega á heiðinni, til dæmis Heiðartjörn á mótis við veginn í Kjósaskarð en einmitt þar er algengt að menn fari inn á heiðina. Einnig þarf að varast heitavatnslögnina sem liggur eftir heiðinni endilangri miðri, frá austri til vesturs. Merktar leiðir eru yfir hana.

Malbikaður vegur liggur austur heiðina endilanga með lögninni (Nesjavallavegur) og við skulum fara hann áleiðis inn á heiðina. Við beygjum af Suðurlandsvegi til norðurs hjá Geithálsi og sem leið liggur fram hjá Dallandi upp brekku og upp á heiðina. Ekinn er Nesjavallavegur þar til komið er að grindahliði á Reykjavíkurgirðingunni. Strax handan girðingarinnar er hægt að fara yfir hitavatnstokkinn til norðurs og aka beina stefnu að, til dæmis, Borgarhólum, sem eru gamlar gosstöðvar og er hraunið á Mosfellsheiðinni úr þeim runnin.

Við öikum þangað, göngum á Borgarhólana og erum þá á hæsta punkti Mosfellsheiðarinnar í 410 metra hæð. Á björtum degi er mikið útsýni héðan til allra átta. Hér tókum við upp kort (*Hengill blað nr. 37*) og fræðumst um fjallahringinn.

Frá Borgarhólum er hægt að aka í allar áttir um heiðina. Við getum haldið áfram sömu stefnu og áður og komum við þá að rafmagnslínu. Þessi lína liggur úr Grafningi að eyðibýlinu Bringum efst í Mosfellsdal. Ljómandi góður línuvegur er með þessari línu og hægt að komast eftir honum frá Bringum niður á Þingvallaveg, efst í Mosfellsdal.



Árgil er sunnan við Bringur og bratt ofan í það.

Eins er hægt að fara í suður af Nesjavallavegi frá hliðinu til dæmis á Suðurlandsveg vestan við Lyklafell eða austur að Hengli að Maradal sem er afluktur dalur undir Skeggja, hæsta tindu Hengilsins (verður að ganga dálítið til að sjá hann – en það borgar sig). Síðan með Húsmúlanum, t.d. að Litlu kaffistofunni, en á báðum þessum leiðum þarf að fara yfir Engidalsá – sem þarf ekki að vera farartálmi ef varlega er farið.